

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2024

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um kílómetragjald vegna notkunar ökutækja

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreindra frumvarpsdraga, sem birtust í samráðsgátt stjórnvalda 15. október sl. Félagið gagnrýnir þann skamma frest sem gefinn er hagsmunaaðilum til að bregðast við flóknu og margþættu máli. Eftirfarandi eru þær athugasemdir sem tiltækar eru á svo skömmum tíma og varða mikilvæga hagsmuni félagsmanna FA og ekki síður hag neytenda í landinu.

FA lýsir fullum skilningi á því að stjórnvöld vilji skjóta sterkari stoðum undir fjármögnun samgönguinnviða með því að færa gjaldtöku af ökutækjum úr eldsneytissköttum yfir í gjöld sem taka mið af akstri ökutækja og sliti á vegakerfinu. FA fær hins vegar ekki betur séð en að ákvæði frumvarpsdraga þessara vinni gegn a.m.k. tveimur markmiðum stjórnvalda. Annars vegar er þar um að ræða það meginmarkmið fjárlagafrumvarpsins að draga úr verðbólgu. Hins vegar eru það markmið stjórnvalda, sem m.a. koma fram í drögum að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, um að hraða orkuskiptum í vöruflutningum.

I. Hvati til orkuskipta

Verulegur árangur hefur náðst í orkuskiptum í samgöngum hvað varðar fólksbifreiðar og smærri sendibifreiðar. Þegar kemur að stærri vöruflutningabifreiðum hefur þróunin verið hæg, enda þurfa fyrirtækin bæði að greiða mun hærra verð fyrir flutningabíla en hefðbundnar dísilbifreiðar (algengt er að rafmagnsbíll kosti 2,5 til þrisvar sinnum meira) og fjárfesta í dýrum hleðsluinnviðum. Sá hvati sem fyrirtækin hafa til að skipta yfir í rafmagnsbíla hefur fyrst og fremst verið lægri rekstrarkostnaður. Með þeirri breytingu, sem er lögð til í þessum frumvarpsdrögum, er dregið mjög verulega úr þeim hvata.

Það er jafnframt alþekkt staðreynd að þegar kemur að stærri vöruflutningabifreiðum sem hafa nægilega flutningsgetu og drægni til að flytja vörur á milli landshluta í víðfeðmu landi, er rafmagnstæknin einfaldlega miklu skemmra á veg komin en í smærri bifreiðum. Að skipta yfir í vistvænni bíla er einfaldlega ekki kostur næstu árin hvað varðar stóran hluta vöruflutningabílaflota íslensks atvinnulífs af því að réttu ökutækin eru enn ekki í boði. Hér ber einnig að gæta að því að rafmagnsverð hefur farið hækkandi undanfarin misseri og boðaðar eru enn frekari hækkanir af hálfu orkufyrirtækjanna. Vetni er að ýmsu leyti nærtækari kostur sem orkugjafi stórra vörubifreiða en þar er eldsneytiskostnaðurinn langtum hærra en fyrir bifreiðar sem nota jarðefnaeldsneyti.

Af ofangreindum ástæðum telur FA fulla ástæðu til að bæði auka þann afslátt af kílómetragjaldi fyrir stærri bifreiðar, sem kveðið er á um í bráðabirgðaákvæði VI. e. í frumvarpsdrögunum, og að hann

taki til lengri tíma. Hæfilegt væri að afslátturinn væri 100% á árunum 2025-2027 og síðan 60% í a.m.k. þrjú ár til viðbótar.

II. Áhrif á flutningskostnað og vöruverð

FA telur mat á áhrifum frumvarpsdraganna einkar ófullkomið þegar kemur að áhrifum á rekstrarkostnað stærri ökutækja eins og vöruflutningabifreiða. Tekið er eitt dæmi af dísilvörubifreið, þar sem kerfisbreytingin valdi rúmlega 3% hækkun samanlagðrar gjaldtöku (kílómetragjald og kolefnisgjald) á milli ára 2024 og 2025. Þetta passar engan veginn við útreikninga félagsmanna í FA, sem hafa t.d. reiknað út, að gefnum forsendum í frumvarpsdrögum, að kostnaðaraukinn við rekstur vörubíls með tengivagn, sem ekið er 110.000 km á ári, verði um 13%. Í einhverjum tilvikum hafa enn hærri tölur komið út úr dæmum, sem byggjast á raunverulegum stærðum úr rekstri fyrirtækjanna.

Slíkar kostnaðarhækkningar fyrirtækjanna hafa bein áhrif á flutningskostnað, sem vegur þungt í vöruverði á Íslandi. Hækkningar á flutningskostnaði vinna beint gegn markmiðum fjárlagafrumvarpsins um hjöðnun verðbólgu.

FA hvetur eindregið til þess að breytingar verði gerðar á ákvæðum frumvarpsdraganna sem tryggja að rekstrarkostnaður vöruflutningabifreiða hækki ekki, þannig að hækkandi flutningskostnaður skapi ekki óþarfan þrýsting á vöruverð.

III. Að lokum

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsögðu reiðubúið að funda um málið með ráðuneytinu.

Virðingarfyllt,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA